



## Reglur Fjarðabyggðar um fjárhagsaðstoð

### I. kafli Almenn atriði

#### 1. gr.

##### *Inntak fjárhagsaðstoðar*

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla þessara reglna.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 15. og 16. gr. þessara reglna.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum, þ.m.t. lögum um námsstyrki.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 18. og 19. gr. þessara reglna.

Við meðferð og vinnslu umsókna ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

#### 2. gr.

##### *Framfærsluskylda*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð skv. Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeim er sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skyld að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólkí í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstakling eða fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra

#### 3. gr.

##### *Lækkun grunnfjárhæðar*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, er heimilt að greiða honum þriðjung af grunnupphæð til framfærslu er tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem umsækjandi hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki sýnir fram á staðfesta skráningu sína frá Vinnumálastofnun.



Einnig skerðist réttur umsækjanda með sama hætti sem hefur þáttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

**4. gr.**

**Réttur fylgir lögheimili**

Einstaklingar með lögheimili í Fjarðabyggð geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum. Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**5. gr.**

**Form fjárhagsaðstoðar**

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 27. gr. og 29.gr. þessara reglna, samanber 22.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda.

Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu.

Umsóknum um lán skal vísa til félagsmálanefndar.

Á meðan umsókn einstaklings er í vinnslu hjá Vinnumálastofnun á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð í formi styrks, þar sem hann hlýtur atvinnuleysisbætur frá dagsetningu umsóknar. Einstaklingar sem bíða eftir niðurstöðum umsóknar hjá Vinnumálastofnun eða endurmati á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá Tryggingastofnun Ríkisins geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns sem endurgreiðist að fenginni afgreiðslu Tryggingastofnunar Ríkisins eða Vinnumálastofnunar í formi eingreiðslu. Ekki er heimild fyrir aðstoð vegna skuldastöðu umsækjanda eða ítrekaðra vanskila. Fjárhagsaðstoð er ávallt eftirágreidd.

Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við félagsráðgjafa eða ráðgjafa um lausn mála sinna.

**6. gr.**

**Atvinnuleysi**

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á atvinnuleysi og atvinnuleit sinni frá Vinnumálastofnun. Eigi umsækjandi ekki rétt á atvinnuleysisbótum frá Vinnumálastofnun ber honum að framvísa staðfestingu á því. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann, án



viðhlítandi skýringa, ekki skráð sig hjá vinnumiðlun skerðist fjárhagsaðstoð og greiðist þá þriðjungur af grunnupphæð til framfærslu

Hafi umsækjandi, sem er atvinnulaus, hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu að tilefnislausu skal miða við neyðaraðstoð eða sem nemur 1/3 af grunnfjárhæð þann mánuð sem hann hafnar vinnu/segir starfi sínu lausu svo og mánuðinn á eftir.

**7. gr.**

**Erlendir ríkisborgarar**

Í þeim tilvikum að umsækjandi er erlendir ríkisborgari ber honum að framvísa dvalarleyfi. Sé erlendir ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur/tengdur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Upplýsa ber umsækjanda um möguleg neikvæð áhrif veittrar fjárhagsaðstoðar á umsókn um íslenskan ríkisborgarárétt skv. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgarárétt.

**8. gr.**

**Fyrirkomulag**

Fjárhagsaðstoð er greidd í lok mánaðar, greidd einn mánuð í senn og skulu umsóknir alla jafna ekki ná yfir lengra tímabil. Í þeim tilvikum þegar ljóst þykir að aðstæður umsækjanda muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð til allt að 6 mánaða. Að þeim tíma liðnum skal mál umsækjanda skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og endurhæfingu.

**9. gr.**

**Fjárhagsaðstoð aftur í tímann**

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

**II. kafli Umsókn um fjárhagsaðstoð**

**10. gr.**

**Umsókn og fylgigögn**

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.

Sótt er um í gegnum íbúagátt Fjarðabyggðar (ibuagatt.fjardabyggd.is) en þar koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna umsækjanda sem eiga lögheimili á sama heimili. Umsókn skal fylgja skattframtal síðastliðins árs og útprentun úr staðgreiðsluskrá sem hægt er að nálgast á þjónustuvef Ríkisskattstjóra (skattur.is) fyrir umsækjanda og maka hans.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Umsókn er ekki afgreidd nema hún sé að fullu útfyllt, undirrituð og öll fylgigögn skulu vera til staðar.



**11. gr.**

***Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjenda***

Starfsmenn fjölskyldusviðs geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóðum og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafa nýlega selt eignir sínar skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

**III. kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar  
Mat á fjárbörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar**

**12. gr.**

***Mat á fjárbörf***

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu, sbr. 13. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 14. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

**13. gr.**

***Grunnfjárhæð***

***Framfærsla barna ekki talin með***

Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6.

**a)** Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri árið 2018 getur numið allt að kr. 158.281 á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Upphæð grunnfjárhæðar fylgir neysluvísitölu nóvembermánaðar fyrra árs.

**b)** Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð árið 2018 getur numið allt að kr. 253.250 á mánuði (grunnfjárhæð x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á þjónustubörf.

**c)** Einstaklingum sem búa í foreldrahúsum skal reiknast hálf grunnframfærsla á mánuði eða mismunur á hálfi grunnframfærslu og tekjum þeirra.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir c-lið, forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu.

**d)** Unglingar 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

**14. gr.**

***Tekjur umsækjanda***

Allar tekjur einstaklings, og maka ef við á, aðrar en greiðslur vegna barna-, húsaleigu- og vaxtabóta, mánuðinn sem sótt er um og mánuðinn á undan eru taldar með við mat á fjárbörf.



Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna.

Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings og maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Miða skal við heildartekjur áður en skattar eru dregnir frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna barna enda greiðist hann af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárbörf. Barnabætur skal þó kanna sérstaklega, sbr. 2. mgr. 11. gr. þessara reglna.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnaði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og umfram eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega hagnast af sölu eigna sinna, skal honum að jafnaði vísað á láanafyrirgreiðslu banka og sparísjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili eiga eignir eða eigið fjármagn sem nýst geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

#### 15. gr.

##### Sérákvæði

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun.

#### 16. gr.

##### Námsmenn

Námsmenn sem stunda lánshæft nám hjá *Láanasjóði íslenskra námsmanna* njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema þeir sem uppfylla skilyrði um námsstyrk skv. 19. grein þessara reglna.

#### 17. gr.

##### Áfengis- og vímuefnaneysla

Heimilt er að veita styrk til greiðslu á dvöl í viðurkenndri áfengis- eða vímuefnameðferð einstaklinga að upphæð 60.000 krónur. Þurfi einstaklingur að leita meðferðar oftar en einu sinni er heimilt að greiða 25.000 krónur til niðurgreiðslu á kostnaði vegna meðferðar.

#### IV. kafli Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

#### 18. gr.

##### Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til tekjulágra foreldra.

Um er að ræða:



- a) Aðstoð við greiðslu leikskólagjalda að hámarki kr. 10.000 á mánuði fyrir hvert barn.
- b) Aðstoð við greiðslu fyrir skólamáltíðir kr. 4.000 á mánuði fyrir hvert barn.
- c) Aðstoð við greiðslu fyrir skóladagvist kr. 4.000 á mánuði fyrir hvert barn.
- Ætið skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun við upphaf hverrar skólaannar. Upphæð aðstoðar er greidd inn á bankareikning foreldris þegar reikningur samþykktarmánuðar hefur verið greiddur.
- d) Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld. Hámarksaðstoð skal miðast við þriðjung grunnfjárhæðar og greiðist inn á bankareikning foreldris gegn afhendingu reikninga vegna ofangreinds kostnaðar.
- e) Heimilt er að veita fæðingarstyrk til tekjulágra foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og hafa átt við félagslega erfiðleika að etja.  
Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm o.s.frv.  
Hámarksaðstoð skal miðast við hálfa grunnfjárhæð.

#### 19. gr.

##### *Aðstoð vegna barnaverndar og stuðningssjónarmiða*

- a) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, skóladagvistar, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi.
- Ætið skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Um tímabundna samþykkt er að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

#### 20. gr.

##### *Námsstyrkir*

Námsstyrki er heimilt að veita einstaklingum eða einstæðum foreldrum á aldrinum 18-25 ára sem átt hafa í miklum félagslegum og fjárhagslegum erfiðleikum og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla. Aðstoðin miðast við mánaðarlega greiðslu grunnfjárhæðar ásamt skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði (að hámarki því sem nemur þriðjungi grunnfjárhæðar og að framlögðum reikningum einstaklings) í upphafi annar. Námsstyrkir skulu vera liður í umfangsmeiri vinnu starfsmanna fjölskyldusviðs og einstaklings sem miðar m.a. að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

Heimilt er að stöðva greiðslur til einstaklinga sýni þeir ekki fram á 75% námsárangur miðað vi fullt nám þess skóla sem hann gengur í eða ef nemandi uppfyllir ekki mætingarskyldu skólans.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar og einstaklingur skulu gera með sér samning um félagslega ráðgjöf, þar sem kemur fram hvernig skuli staðið að skilum gagna varðandi skólasókn, námsframvindu og einkunnir. Einkunnum skal ætið skilað í annarlok.

Miða skal við að námið leiði til þess að einstaklingur geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá *Láanasjóði íslenskra námsmanna*. Ákvarðanir um námsstyrki skulu teknar fyrir hverja önn og ei heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu í að hámarki þrjár annir.



**21. gr.**

***Styrkur vegna húsbúnaðar***

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil til tekjulágra einstaklinga sem eru eignalausir og hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að stofna heimili í fyrsta sinn eða eru að stofna heimili eftir virka endurhæfingu eða dvöl á stofnun.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru sem nemur einni grunnfjárhæð og greiðist aðstoð vegna útlagðs kostnaðar sbr. reikningi þar að lútandi. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

**22. gr.**

***Greiðsla sérfræðiaðstoðar***

I. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum fagaðilum s.s. félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, ef það er liður í umfangsmeiri aðstoð og fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að veita þjónustuna innan fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar. Einnig getur aðstoðin verið veitt vegna annars konar sérfræðikostnaðar t.d. lækniskostnaðar. Miðað er við að einstaklingur geti fengið aðstoð samkvæmt grein 22 einu sinni á ári.

- a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum s.s. skyndilegur ástvinnamissir eða alvarlegu ofbeldi.
- c) einstaklingum sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 10 viðtol, miðað skal við 8.000 kr. á tímann. Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila eftir 5 viðtol og meta þörf á frekari sérfræðiaðstoð.

II. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa verið tekjulágir undanfarna 12 mánuði.

- a) Viðmiðunarmörk aðstoðar er helmingur grunnfjárhæðar á ári.
- b) Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

**23. gr.**

***Útfararstyrkir***

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru grunnfjárhæð \* 1,6.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattaframtali hins látna
- Launaseðlar og greiðsluyfirlit frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið



getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjurum forsíðilum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

**24. gr.  
Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika.**

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki, lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a. Umsækjandi hafi haft tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar undanfarna sex mánuði eða lengur.
- b. Fyrir liggi yfirlit starfsmanns fjölskyldusviðs eða umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- c. Fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- d. Fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.
- e. Að ljóst sé að umsækjandi geti staðið í skilum með afborganir og greiðsluáætlun liggi fyrir.

Hámarksupphæð aðstoðar er 200.000 kr.

**V. kafli. Málsmeðferð**

Sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

**25. gr.  
Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef starfsmönnum fjölskyldusviðs berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Starfsmenn fjölskyldusviðs skulu taka ákvörðun í máli á vikulegum meðferðarfundi og sjá þeir jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

**26. gr.  
Samvinna við umsækjendur**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda.

Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

**27. gr.  
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að



fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

**28. gr.**

***Leiðbeiningar til umsækjanda***

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið starfsmanna fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

**29. gr.**

***Niðurstaða og rökstuðningur synjunar***

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

**30. gr.**

***Rangar eða villandi upplýsingar***

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf og getur fjölskyldusvið endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynnt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

**31. gr.**

***Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum***

Starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar.

**32. gr.**

***Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð***

Þar sem starfsmenn fjölskyldusviðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega með skriflegu erindi og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd Fjarðabyggðar fylli um umsóknina.

Umsækjandi hefur að öllu jöfnu fjögurra vikna frest frá því honum barst vitneskja um ákvörðun til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar Fjarðabyggðar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálanefndar Fjarðabyggðar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.



*33. gr.*

***Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála***

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar Fjarðabyggðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar Fjarðabyggðar.

*34. gr.*

***Gildistaka***

Reglur þessar eru byggðar eru á leiðbeiningum félags- og tryggingamálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð og taka gildi við samþykkt bæjarstjórnar.

Fjarðabyggð 7. september 2018

Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

Samþykkt í félagsmálanefnd 28. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018